



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

Alþingi

Erindi nr. P 139/1858

komudagur 30. 3. 2011

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2011

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um frumvarp til breytinga á vatnalögum 561. mál.

Landssamband veiðifélag lýsir stuðningi við þá málamiðlun sem fram kemur í frumvarpi iðnaðarráðherra þingskjal 949 og leggst ekki gegn megin efni þess.

Landssambandið ítrekar þó þau viðhorf að komi til efnisbreytinga á þeim kafla laganna sem tekur til eignarréttar á vatni er óhjákvæmilegt að líta til réttarþróunar og úrlausna dómstóla um réttindi fasteignareigenda yfir vatni sem fasteign hverri fylgir.

Landssambandið telur að eftirfarandi greinar frumvarpsins þurfi breytinga við.

1. Í 54. gr. frv. til breytinga á 75. gr. laganna er kveðið á um heimildir fasteignareiganda og vatnafélaga til breytingar á vatnsfarvegi “að fengnu leyfi Orkustofnunar og eftir atvikum leyfi Fiskistofu”

Við þetta ber að athuga að framkvæmdir í veiðivatni sem lúta að aukinni fiskgengd eða til að bæta veiðistöðu sem og aðrar framkvæmdir sem falla undir V. kafla laga nr. 61/2006, lög um lax og silungsveiði eru ekki háðar leyfi Orkustofnunar að gildandi lögum. Engin ástæða er til að gera breytingu þar á enda kemur fram í greinargerð að breytingar á kafla laganna um leyfisveitingar lúti fyrst og fremst að nýtingu vatns en ekki sé litið til annarra þátta svo sem veiði.

Því er lagt til að í stað orðalags greinarinnar “að fengnu leyfi Orkustofnunar og eftir atvikum leyfi Fiskistofu” kom að fengnu leyfi Orkustofnunar eða eftir atvikum Fiskistofu.

Ástæðulaust er að flækja leyfisveitingaferli vegna framkvæmda sem varða veiði í ám og vötnum umfram það sem nú er. Tilkynningarskylda til Orkustofnunar um slíkar framkvæmdir er algjörlega fullnægjandi að mati LV.

2. Eins og fram kemur í ítarlegri greinargerð og athugasemdum með frumvarpinu hafa vatnalögin frá 1923 enst vel sem réttarheimild í hartnær 90 ár. Óhjákvæmilega hafa þó orðið miklar samfélagslegar breytingar frá gildistöku laganna sem líta verður til vil endurskoðun þeirra.


Það er í því samhengi sem Landssamband veiðifélaga leggur áherslu á að hugað verði að eftirfarandi atriðum.

Í 67. gr. frumvarpsins til breytinga á 115. gr. laganna eru ákvæði um rétt til umferðar og afnota af vatnsbökkum. Þær takmarkanir sem frumvarpið ráðgerir varðandi rétt almennings til umferðar, sunds og baða ganga of skammt að mati LV en þær taka einungis til skemmda á landi, mannvirkjum og veiðitækjum. Nauðsynlegt er í ljósi breyttra tíma, að löggin verji réttindi þeirra sem stunda stangveiðar í ám og vötnum gegn utanaðkomandi raski á veiðitíma. Það má öllum ljóst vera að umferð á bátum á veiðivatni um veiðitíma getur valdið miklu tjóni á veiði. Því ber að takmarka slíka umferð í lögunum sjálfum en ekki í reglugerð.

Þá má einnig vera ljóst að það er algjörlega óviðunandi að löggin veiti almenningi rétt til baða í veiðiám um veiðitíma. Því er lagt til að við greinina bætist: Óheimil er þó umferð á bátum um veiðiá um veiðitíma, nema þeirra sem veiðina stunda og einnig er almenningi óheimilt að nota veiðiár til sunds eða baða um veiðitímamann.

Að öðru leyti gerir Landssamband veiðifélaga ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp.

Virðingarfyllt



Óðinn Sigbórsson,
formaður LV